Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3070
komudagur 17.7.2008

Akureyrarbær
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Umhverfisnefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 17. júlí 2008
2008010196 / 01-710

**Efni: Frumvarp til laga um mannvirki**

Bæjarráð Akureyrar hefir á fundi sínum í dag gert eftirfarandi bókun:

**"Frumvarp til laga um mannvirki - bókun stjórnar Eyþings**
*2008010196*
Lögð fram bókun 9. liðar fundargerðar stjórnar Eyþings dags. 9. júlí 2008 er varðar frumvarp til laga um mannvirki.
*Í frumvarpi til laga um mannvirki sem nú er til meðferðar á Alþingi er rætt um að ný stofnun, Byggingarstofnun, hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Í greinargerð með frumvarpinu er lagt til að höfuðstöðvar stofnunarinnar verði í Reykjavík en að hið minnsta ein starfsstöð verði staðsett úti á landi. Á stjórnarfundi Eyþings þann 9. júlí sl. lagði stjórnin til í umsögn sinni um frumvarpið að höfuðstöðvar Byggingarstofnunar verði á Akureyri.*
*Bæjarráð tekur heilshugar undir þessa tillögu og skorar á stjórnvöld að nýta þetta tækifæri til þess að fjölga opinberum störfum utan Reykjavíkursvæðisins."*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
f.h. Akureyrarbæjar

Inga Þöll Þórgnýsdóttir

Inga Þöll Þórgnýsdóttir
bæjarlögmaður

Akureyrarkaupstaður · Geislagata 9 · 600 Akureyri · Kt. 410169-6229 · Sími 460 1000 · Fax: 460 1001 · Netfang: akureyri@akureyri.is
www.akureyri.is